

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á áður staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. júní 1989 staðfest tvo deiliskipulagsupprætti um breytingar á áður staðfestu deiliskipulagi miðbæjar Reykjavíkur (Kvosar).

Breytingarnar eru fólgnar í eftirfarandi:

1. Syðri hluti lóðarinnar nr. 3 við Suðurgötu, lóðin nr. 5 við Suðurgötu og lóðin nr. 8 við Tjarnargötu eru sameinaðar í eina lóð og nýtingarhlutfall á staðgreinireit 1.1410 er hækkað úr 1,9 í 2,1.
2. Í stað ákvæða um landnotkun hæð fyrir hæð sem fram koma á uppdráttum í greinargerð með staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar 22. febrúar 1988 verður landnotkun skilgreind sem miðbæjarsvæði annars vegar og hins vegar sem blönduð landnotkun hafnar/miðbæjarsvæðis í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 1984 – 2004.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt þá og skipulagstjórn ríkisins afgreitt þá til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið 5. júní 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skoðun farandvinnuvéla, lyftna og annarra tækja sem tilgreind eru í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 562,00.

Pó frumskoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni nema framkvæma þurfi aukaeftirlitsskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.